



Tillaga að deiliskipulagi á áningastað í Vikraborgum við Öskju

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 29. júní s.l. að auglýsa skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að deiliskipulagi á áningastað í Vikraborgum við Öskju

Markmið deiliskipulagstillögunnar er að móta ramma fyrir þróun og uppbyggingu á áningastaðnum með lágmarks þjónustu, svo sem aðkomuvegi, gönguleiðum, fræðsluskiltum og bílastæði svo staðurinn geti betur mætt vaxandi straumi ferðamanna sem leggja leið sína í Öskju. Deiliskipulaginu er ætlað að endurskoða bílastæði sem fyrir eru, fella þau að landslagi, afmarka byggingarreit fyrir viðveruhús og snyrtingar fyrir daggesti.

Tillöguuppdráttur ásamt greinargerð munu liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni frá og með miðvikudeginum 5. október til og með miðvikudeginum 16. nóvember 2016. Þá eru tillögurnar einnig aðgengilegar á heimasíðu Skútustaðahrepps: <http://www.myv.is> undir **Skipulagsauglýsingar** (hnappur á forsíðu).

Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út miðvikudaginn 16. nóvember 2016. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni og/eða í tölvupósti á netfangið: bjarni@thingeyjarsveit.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests teljast henni samþykkir.

Bjarni Reykjalin,
skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps.